

## AUGLÝSING

### frá landskjörstjórn um fjölda kjördæmissæta í Norðvesturkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.

*Landskjörstjórn gerir kunnugt:* að í ljósi fjölda kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti við nýafstaðnar alþingiskosningar 25. september 2021 skuli við næstu almennu alþingiskosningar vera sjö þingsæti í Norðvesturkjördæmi, sex kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en fjórtán þingsæti í Suðvesturkjördæmi, tólf kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og 9. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

*Landskjörstjórn, 1. október 2021.*

**Kristín Edwald** formaður.

**Páll Halldórsson.**

**Heiða Björg Pálmadóttir.**

**Anna Tryggvadóttir.**

**Ólafía Ingólfssdóttir.**

---

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*